

Sp.

135. Tillaga til þingsályktunar

[83. mál]

um talstöðvaþjónustu landssímans.

Flm.: Jóhann Jósefsson, Pétur Ottesen, Finnur Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um það við landssímamann, að vélbátum, sem talstöð hafa, verði framvegis eins og hingað til látin í té án endurgjalds vitneskja um veðurfar, sjávarlag, landtökuskilyrði og annað, er máli skiptir fyrir öryggi þeirra.

Greinargerð.

Talstöðvar í bátum eru mjög til hagræðis og geta verið til mikils öryggis. Það hefur reynsla undanfarinna ára fullsannað. Með tilstyrk þeirra geta menn og fengið skjótar en ella mundi margs konar upplýsingar, sem að gagni mega koma.

Hingað til mun ekki hafa verið krafizt sérstaks endurgjalds fyrir slíka vitneskju, sem bátarnir hafa fengið fyrir milligöngu strandtalstöðvanna, en nú er sá háttur upp tekinn að krefjast sérstaks gjalds í hvert sinn, er bátur leitar viðskipta við þessar talstöðvar um þau efni, er hér að framan greinir, svipað og um almenn símaviðskipti væri að ræða.

Flm. þessarar tillögu þykir þetta miður farið.

Slíkar gjaldkröfur munu verða til þess, að bátarnir leita miklu síður sambands við talstöð á landi, og þannig rofnar að óþörfu það samband, sem öryggis vegna er sérstaklega æskilegt, að jafnan sé milli talstöðvanna á landi og bátanna á hafi úti.

Oft getur nægilega skjót hjálp til nauðstadds báts oltið á því, að þeir, sem henni stjórna úr landi, hafi góð sambönd við aðra báta, sem líklegir eru til að geta veitt aðstoð í slíkum tilfellum. Því á ekki að torvelda bátunum yfirleitt sambandið við talstöðvar á landi.

Talstöðvaþjónustunni er aðallega uppi haldið til öryggis fyrir sjómennina. Bata-útvegurinn er nægilega skattlagður, þótt ekki sé því við bætt, að engar upplýsingar séu veittar frá talstöðvunum, bátunum til hagræðis og öryggis, nema fyrir sérstakt símagjald í hvert sinn. Þess vegna er þessi tillaga fram borin.